



VATNSVERNDARSTEFNA

Vatn er verðmæt náttúruauðlind og mikilvægt hráefni í námuvinnslu og framleiðsluferli fyrirtækisins. Við gerum okkur grein fyrir nauðsyn þess að vernda vatnsauðlindir til þess að tryggja velferð starfsmanna okkar, samfélaganna þar sem við vinnum, og umhverfis okkar. Við skuldbindum okkur til þess að tryggja að vatnsnotkun okkar sé skilvirk og örugg og fylgi markmiðum um ábyrga nýtingu vatnsauðlinda bæði innan og utan starfsstöðva okkar, og að við fylgjum viðeigandi kröfum um umhverfisvernd í þeim löndum sem við störfum.

Að sækja fram á sjálfbæran hátt er eitt af helstu stefnumálum Alcoa og því til stuðnings eru notuð sjálfbærni-markmið sem framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur samþykkt og stjórn þess hefur áritað. Alcoa hefur sett sér langtíamarkmið varðandi vatn og megináherslan núna er að bæta nýtni vatns á starfsstöðvum á svæðum sem Alcoa hefur skilgreint sem vatnsskortssvæði um 10% fyrir árið 2030, með 2015 sem grunnlínu. Viðmið um vatnsveitu frá alþjóðlegu auðlindastofnuninni (The World Resources Institute Aqueduct Tool), með nýtingu „2030 business as usual“ kolefnisspár ásamt eigindlegu mati til þess að staðfesta umhverfis- og samfélagslegan mótvind, voru notuð í þeim tilgangi að skilgreina starfsstöðvar okkar á vatnsskortssvæðum - þrjár súralsframleiðslustöðvar og tvö námusvæði í Vestur-Ástralíu. Við teljum að samstarf milli ýmissa hagsmunaaðila sé nauðsynlegt til þess að tryggja að vatnsnotkun sé ábyrg og sjálfbær, sérstaklega á þeim svæðum þar sem vatnsskortur ríkir. Þess vegna leggjum við áherslu á samræður og vísindi í þeim tilgangi að greina bestu aðferðir við notkun vatns í hverju lögsagnarumdæmi.

Við erum ávallt að leita leiða til þess að bæta frammistöðu okkar og nýlega breyttum við stöðlum fyrirtækisins um ábyrga vatnsnotkun til þess að þeir samræmist yfirlýsingu Alþjóðlega námu- og málmvinnsluráðsins (ICMM) um vatnsvernd. Öllum starfsstöðvum Alcoa er uppálagt að draga úr vatnsnotkun og -losun, nýta vatnsauðlindir sem henta fyrir tilgang notkunar, hámarka endurnýtingu og endurvinnslu, tryggja að fyrir hendi sé hreint og öruggt drykkjarvatn á starfsstöðinni og viðhalda á virkan hátt gæðum vatns í vatnssöfnunarþróum okkar. Áhrif á vatnsbúskap er einn af þeim vísnum sem notaðir eru fyrir innra eftirlitsferli vegna fjárfestinga, þ.e. með endurskoðun umhverfis-, heilsu- og öryggismála sem er nauðsynleg fyrir öll ný verkefni.

Alcoa tilkynnir vatnsnotkun á gegnsæjan hátt í samræmi við fyrirmæli GRI, alþjóðlegum staðli sjálfbærnivísa. Sjálfbærnisýrslan okkar sýnir framvindu okkar í vatnsverndarmálum. Meiri upplýsingar er að finna hér: <https://www.alcoa.com/sustainability>.